# KLÉBERGSSKÓLI

BREYTING Á DEILISKIPULAGI — 28. mars 2011

## Gildandi deiliskipulag

dags. 3. janúar 2007




## Deiliskipulagstillaga




## GILDANDI SKILMÁLAR

### FORSENDUR:

- Deiliskipulagið nær yfir svæðið kringum Klébergsskóla og Íþróttamiðstöðina á Klébergi. Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu.
- Vegna fyrirhugaðrar stækkunar skólans er með deiliskipulaginu afmörkuð lóð fyrir skólann og íþróttahúsið.
- Fimm hús eru á deiliskipulagsreitnum:
  Gamli skóli, steinsteypt hús byggt 1929
  Skólastjórahús (viðbygging við Gamla skóla) steinsteypt hús byggt 1955
  Svarti skóli, timburhús byggt 1977
  Nýji skóli, steinsteypt hús byggt 1985-94
  Íþróttamiðstöð, steinsteypt, byggt 1995
  Gert er ráð fyrir að Skólastjórahús og Svarti skóli verði fjarlægð.

### SKÝRINGAR

- Fyrirhuguð stækkun á Klébergsskóla verður unnin samkvæmt verðlaunatillögu úr samkeppni frá desember 1999. Á skýringaruppdrætti (002) kemur fram innra skipulag lóðarinnar eins og það var í samkeppnistillögunni. Þar kemur fram staðsetning húsa, gróðurbelta, skjólmana og bílastæða. Útfærslur á einstökum atriðum ákvarðast nánar á hönnunarstiginu. Við nánari hönnun skal leggja áherslu á að með uppbyggingu mana, gróðurbelta og nýbyggingar myndist skjól á lóðinni, bæði við aðkomu og á leiksvæðum,svo og að nýbygging, gróður og manir falli vel að aðliggjandi umhverfi. Meginhluti nýbyggingarinnar er á tveimur hæðum, en tengigangur sem tengir saman allar byggingar skólans er á einni hæð. Hugmynd er um að tengja saman skóla og íþróttahús með tengigangi, og er gert ráð fyrir þeim möguleika í deiliskipulaginu.
- Fyrirhugað er að reisa gervigrasvöll fyrir knattspyrnu, svokallaðan battavöll á lóð skólans. Með deiliskipulagsbreytingunni er núverandi byggingarreitur á skólalóðinni stækkaður að hluta til um 4m til norðvesturs og innan hans afmarkaður byggingarreitur fyrir battavöllinn. Völlurinn verður girtur af skv. staðlaðri fyrirmynd frá KSÍ, með timburgirðingum og lýstur upp með fjórum ljósastaurum.
- Innan byggingarreits þess sem markaður var á gildandi deiliskipulagi hefur verið reist viðbygging við skólann og er hún sýnd sýnd á deiliskipulagstillögunni til skýringar.
- Á lóð norðvestan við skólann, þar sem fyrirhugað var íþróttasvæði, hefur verið gert nýtt deiliskipulag og reistur þar leikskóli með aðkomu frá lóð Íþróttamiðstöðvarinnar. Við það voru gerðar breytingar á bílastæðum Íþróttamiðstöðvarinnar, og er núverandi fyrirkomulag sýnt á deiliskipulagstillögunni.

### SKILMÁLAR:

- Landnotkun er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.
- Endanlegar stærðir lóða eru háðar nákvæmari mælingu mælingadeildar
- borgarverkfræðings.
- Innan byggingarreits sem afmarkaður er að stærð 25m x 42m, má reisa battavöll (gervigrasvöll), 18x33m af stærð. Völlurinn skal girðast af með timburgirðingu skv. staðlaðri fyrirmynd KSÍ. Um er að ræða 1,2m háa timburgirðingu á langhliðum, en 2m háa á skammhliðum og hæst 3m við mörkin. Mörkin eru 3m breið og 2m há. Gengið er innum hlið á völlinn frá langhliðunum.
- Völlurinn er raflýstur með 4 ljósastaurum, allt að 8m háum og er lýsingin skermuð af þannig að hún beinist á völlinn.
- Helstu stærðir:

#### Klébergsskóli:

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð u.þ.b.: | 17100m2 |
| Fjarlægð hús: | 370m2 |
| Núverandi byggingar: | 1079m2 |
| Nýbygging: | 1800m2 |
| Byggingarmagn alls u.þ.b.: | 2879m2 |
| Mesta hæð frá gólfplötu aðalhæðar nýb. í mæni: | 10,0m |
| Fjöldi bílastæða á lóð: | 46 |
| Nýtingarhlutfall: | 0,17 |

#### Íþróttamiðstöðin á Klébergi:

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð u.þ.b.: | 4000m2 |
| Núverandi byggingar: | 957m2 |
| Nýbygging: | 100m2 |
| Byggingarmagn alls u.þ.b.: | 1057m2 |
| Mesta hæð frá gólfplötu aðalhæðar í mæni: | 5,0m |
| Fjöldi bílastæða á lóð: | 20 |
| Nýtingarhlutfall: | 0,26 |

## BREYTING Á GILDANDI SKILMÁLUM:

### SKÝRINGAR

- Við breytingar á Klébergsskóla á árunum 2000 – 2004 var gengið frá bílastæðum á lóð á þann veg er sýnt er á deiliskipulagstillögunni. Var það m.a. gert til að nýta núverandi stæði við Vallargrund á suðausturhluta lóðarinnar, og einnig vegna þess að forsendur höfðu breyst þannig að ekki var lengur gert ráð fyrir útibúi Borgarbókasafns Reykjavíkur í húsnæði skólans. Þetta fyrirkomulg hefur sýnt sig að virka vel og vera næjanlegt fyrir starfsemina.
- Lagt er til að staðsetningu og fjölda bílastæða á deiliskipulaginu verði breytt til samræmis við núverandi aðstæður. Bílastæði eru tvískipt, annarsvegar 28 stæði við aðalaðkomu, og hins vegar 12 stæði við Vallargrund á suðausturhluta lóðar skólans.
- Ekki er talin þörf á að auglýsa breytingu þar sem eingöngu er um að ræða að uppdráttur er uppfærður til samræmis við núverandi aðstæður, bæði staðsetning og fjöldi bílastæða.

### SKILMÁLAR

- Staðsetningu og fjölda bílastæða er breytt til samræmis við núverandi aðstæður.
- Fjöldi bílastæða á lóð skólans verður þá 40 stæði.
- Að öðru leyti gilda samþykktir eldri skilmálar áfram.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024

### SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulags
- Lóðarmörk
- Mörk byggingarreits
- Mörk byggingarreits battavallar
- Nb — Núverandi byggingar
- Vatn

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á skipulagsráði þann 13. apríl 2011.
Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 2. maí 2011.


KLÉBERGSSKÓLI
BREYTING Á DEILISKIPULAGI
28. mars 2011



Unnið fyrir:
Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið
Mannvirkjaskrifstofa

arkitektur.is
REYKJAVÍK AKUREYRI
Hverfisgata 26 • 101 Reykjavík • sími 562 5020 • fax 562 5086
Kaupvangsstr. 23 • 600 Akureyri • sími 462 6727 • fax 461 1507
netfang arkitektur.is@arkitektur.is http://www.arkitektur.is
Arkitektar faí
Elín Kjartansdóttir Gísli Jón Kristinsson Haraldur Örn Jónsson
Páll Tómasson Helga Benediktsdóttir Guðmundur Gunnarsson


kortagrunnur: LUKR